

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Grindavíkurbæ.**

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	
Sorphreinsunargjald og tunnuleiga	19.887 kr. á hvert sorphlát
Sorpeyðingargjald	32.444 kr. á hverja íbúð

3. gr.

Skipulags- og umhverfissviði Grindavíkurbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvisir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi og á jarðvegstípp fyrir útlagðan kostnað við förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2023. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1445/2021.

*Grindavíkurbæ, 19. desember 2022.*

**Fannar Jónasson** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 28. desember 2022